

Mál nr. 25/2019

Fimmtudaginn 19. september 2019 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 25/2019

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 27. júní 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakka A við tíkina B án þess að hann hafi verið með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. ágúst 2019 og henni gefinn frestur til að andmæla til 4. september 2019. Kærða svaraði bréfinu og reifaði þar málsatvik. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 3. september 2018 var rakkinn A án þess að hann hafi verið með gilda augnskoðun við pörun. Skv. reglum um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa slík vottorð að vera til staðar við pörun. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Hundarnir eru af kyninu yorkshire terrier og er hvor um sig í eigu kærðu.

### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina yorkshire terrier.

#### *Yorkshire terrier*

*Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.1.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. Undaneldisdýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart prcd-PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinist hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinist sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). (Gildir frá 01.1.2015). Lámarsaldur tíka við pörun er 18 mánaða.*

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hinn 3. september 2018 var rakkinn ekki með augnskoðun í gildi. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu yorkshire terrier skulu slík vottorð liggja fyrir en þau eru vottorð sem áskilin eru um heilsufarsskoðun tegundarinnar. Hefur kærða því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

### IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða X áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir